Alþingi
Erindi nr. Þ 137/182
komudagur 15.6. 2009

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Utanríkismálanefnd Alþingis

Alþingi v/Austurvöll

150 Reykjavík

13. júní 2009

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur fengið til umsagnar tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu (mál nr. 38 og 54).

Á fundi stjórnar Landssambands smábátaeigenda hinn 20. mars sl. var aðild að Evrópusambandinu á dagskrá.
Að loknum ítarlegum umræðum um málið var eftirfarandi samþykkt:

*„Stjórnarfundur Landssambands smábátaeigenda, haldinn í Reykjavík 20. mars 2009 lýsir yfir fullri andstöðu við inngöngu í Evrópusambandið.*

*LS bendir á að til áratuga barðist íslenska þjóðin fyrir fullum yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindunum. Baráttan endaði með fullnaðarsigri 1975 með útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur.*

*Það er útilokað að þau yfirráð kæmu ósködduð út úr aðildaviðræðum við Evrópusambandið. Ákvæði Rómarsáttmálans, hins upphaflega grundvölls Evrópusambandsins koma einfaldlega í veg fyrir það".*

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands smábátaeigenda

Arthur Bogason formaður

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík • sími 552 7922 • fax 562 6590
ls@smabatar.is • www.smabatar.is